

Ed.

687. Nefndarálit

[145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og á l. nr. 52 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hl. nefndarinnar um að leggja til, að frv. verði samþykkt. Mál þetta lá fyrir síðasta Alþingi og var þá afgreitt af öllum sömu nefndarmönnum með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, á hvern hátt bezt verði séð fyrir læknisþjónustu í Blönduóshéraði og Egilsstaðahéraði, og leggi fram frv. um það, ef nauðsyn þykir, fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Síðan þetta mál var afgreitt þannig, hefur ríkisstjórnin, svo að vitað sé, ekkert látið frá sér heyra um nauðsyn á breytingu í þá átt, sem farið er fram á í frv. Verður að líta svo á, að hún telji þessa eða aðrar breytingar á læknaskipun í landinu ekki aðkallandi mál. Því verður á engan hátt mótmælt, að við stofnun nýrra læknishéraða skapast ýmis vandamál, svo sem aukinn kostnaður vegna launa nýrra lækna og byggingar nýrra læknisbústaða, en þörfin fyrir þá er þegar svo mikil, að ríkissjóður telur sig ekki geta lagt fram fé til þess að mæta margendurteknum kröfum frá héruðunum í því efni, og enn fremur það, hvort rétt sé að skipta sí og æ héruðum, þótt fólksfjölgun komi til, í stað þess að koma þar upp betri og stærri heilsgæzlustöðvum, sem annast heilsgæzluna á stærri svæðum, eins og nú er verið að gera m. a. í Austur-Húnavatnssýslu, en öll slík skipting sem hér er ætlað til að verði hlýtur að torvela góðan árangur af slíkri stofnun. Um þetta voru allir nefndarmenn sammála, þegar fyrrnefnd dagskrá var samin, og féllst meiri hluti deildarinnar þá á þá skoðun. Síðan hefur ekkert nýtt komið fram í málinu, er hrindi þeirri skoðun, sem þá var uppi í nefndinni um þetta mál. Miklu fremur er nú ljóst, að ef marka á hér þá stefnu að kljúfa sem mest í sundur læknishéruðin, þá verður ekki stöðvazt við þá staði, sem hér um ræðir, sbr. breytingartillögu, sem fram er komin um að stofna nýtt læknishérað í Kópavogi. Að mínu áliti ættu slíkar breytingar á læknaskipuninni því aðeins að samþykkjast, að heilbrigðisstjórn sé þess fullviss, að á annan hátt sé ekki unnt að gefa fólkinu betri og traustari læknisþjónustu með tilliti til þess kostnaðar, sem eðlilegt er, að hún hafi í för með sér.

Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ríkisstjórnin hefur ekki séð ástæðu til að leggja fram frv. um breytingar á læknaskipun landsins á þessu þingi, þrátt fyrir þá rökstuddu dagskrá, sem samþykkt var á síðasta þingi, sbr. þskj. 661, lítur deildin svo á, að ekki sé aðkallandi að stofna ný læknisembætti á þessu ári, með þeim aukakostnaði, sem þau hljóta að hafa í för með sér, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga það fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, á hvern hátt bezt verður fyrir komið læknisþjónustu í héruðum þeim, sem hér um ræðir, og geri síðan tillögur um þá skipan málanna fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. jan. 1953.

Gísli Jónsson.